



Tilkynning AMÍ 2021

Ágætu félagar.

Aldursflokkameistaramótið í sundi 2021 fer fram helgina 25-27. júní nk. í Sundlaug Akureyrar. Framkvæmdaraðili mótsins er Sundfélagið Óðinn.

HELSTU PUNKTAR UM MÓTIÐ

- Synt á 6 brautum
- Hámark 6 einstaklingsgreinar á hvern keppanda
- 3 síðustu riðlar hverrar greinar inniheldur hröðustu keppendur í hverjum aldursflokki.
- Bein úrslit í öllum greinum
- Medalíur veittar fyrir 1-3. sæti og viðurkenningar fyrir 4-6. sæti í hverjum aldursflokki
- 12 ára og yngri frá sérstakar þátttökuviðurkenningar

SKRÁNINGAR

Skráningarfrestur rennur út **priðjudaginn 15. júní**. Við minnum á að skila „Proof of Time“ skjali samhliða skráningum. Öðruvísi verða skráningar ekki teknar gildar.

Félög skulu skila inn skráningum úr Splash Team Manager en skráningarformið er að finna á [heimasíðu mótsins](#). Einnig er í boði að skrá rafrænt á dagatali Swimrankings á www.swimrankings.net/manager. Ekki verður tekið við skráningum í öðru formi nema við sérstakar kringumstæður.

Leiðbeiningar: <https://www.swimrankings.net/index.php?page=entryDetail>

Við biðjum þjálfara og formenn að virða þessar dagsetningar og kynna sér vel reglur varðandi skráningar á sundmót SSÍ.

Skráningar og fyrirspurnir sendast með rafrænum hætti á emil@iceswim.is. Félög skulu skila inn lista yfir þjálfara og liðstjóra samhliða skráningum sundmanna.

SKRÁNING STARFSMANNA MÓTSINS

Skráningar dómara sendast á Dómaranefnd SSÍ – skraningssimot@gmail.com. Nánar um skráningu starfsmanna, annarra en dómara, hér að neðan.

Skráning starfsmanna, annarra en dómara, á AMÍ verður í opnu Google Doc skjali sem hægt er að skoða hér:

[Starfmannaskráning AMÍ 2021](#)

Hægt er að skrá sig í skjalið beint og uppfærast það sjálfkrafa. Því er tryggt að nýjasta útgáfan er alltaf sú sem þú skoðar.

Ef villa er í skjalinu eða vandræði að skrá, vinsamlegast hafið þá samband við undirritaðan (emil@iceswim.is eða 663-0423)

Náist ekki fullnægjandi skráning starfsmanna á mótshluta, verður þeim mótshluta frestað og/eða aflýst.

Nánari upplýsingar, reglugerðir, lágmörk og annað er að finna á AMÍ síðunni á heimasíðu SSÍ:

<http://www.sundsamband.is/sundithrottir/sundmot/ami/>

*Með sundkveðju,
Emil Örn Harðarson
Mótastjóri SSÍ
663-0423*